

Alþingi

Erindi nr. B 121/1027

komudagur 10/3 1997

Nefndarsvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík.


Reykjavík, 6. mars 1997
SP/hó

Efni. Frumvarp til laga um sammingsveð.
Mál nr.: 97020039

Vísað er til erindis allsherjarnefndar Alþingis frá 5. febrúar sl. þar sem leitað er umsagnar um frumvarp til laga um sammingsveð.

Erindið var lagt fyrir Búnaðarþing, sem samþykkti meðfylgjandi ályktun og er hún hér með send sem umsögn samtakanna.

Virðingarfyllst,
f.h. Bændasamtaka Íslands



Sigurður Þorgeirsson
framkvæmdastjóri

Frumvarp til laga um samningsveð

Ályktun:

Búnaðarþing mælir með að frumvarp til laga um samningsveð verði samþykkt, enda eldri lög að stofni til frá 1887.

Greinargerð:

Búnaðarþing telur mikla nauðsyn á að ný lög um samningsveð verði samþykkt sem fyrst, m.a. til að eyða þeirri réttaróvissu sem ríkt hefur varðandi veðsetningu á greiðslumarki bújarðar.

Varðandi kaup leiguliða á framleiðslurétti ber nauðsyn til að setja um það skýr ákvæði í reglugerð að hann verði ekki sjálfkrafa veðsettur með jörðinni, heldur sé skráður á nafn. Engu að síður getur hann ekki orðið sjálfstætt veðandlag.

Varðandi heildar veðsetningu jarða er gert ráð fyrir nákvæmari talningu lausafjármuna en verið hefur. Fyrir utan þann bústofn sem áður var heimilt að veðsetja sérstaklega er nú einnig heimilt að veðsetja eldisfisk og hafbeitarfisk.